



Leikskóladeildir Þingeyjarskóla

Læsisstefna

2025-2030

Þingeyjarskóli, Þingeyjarsveit
2025

Innihald

Inngangur	2
Lykilhugtök.....	3
Starfsþróun kennara og starfsfólks leikskólans	3
Ábyrgð og hlutverk	4
Markmið aðalnámskrár.....	4
Skimanir og próf	5
Íhlutun og skil milli skólastiga	6
Nemendur með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT).....	7
Lestrarmenning.....	7
Lestur og orðaforði	8
Lubbi finnur málbein.....	8
Tákn með tali.....	9
Að lokum	9
Heimildir.....	10

Inngangur

Tilgangur læsisstefnu leikskóladeilda Þingeyjarskóla er að móta, skýra og efla kennsluaðferðir og námsumhverfi deildanna og styðja þannig við kennara, starfsfólk og foreldra sem gegna lykilhlutverki í málþroska og lestrarnámi barna. Læsisstefnan á að vera markviss og aðgengileg öllum sem koma að uppeldi og kennslu leikskólabarnanna. Á starfsmannafundum verður stefnan kynnt og útskýrð fyrir starfsfólki og veggspjald með töflu um markvissa vinnu við undirþætti málþroska og læsis verður aðgengileg kennurum, starfsfólki og foreldrum. Þannig eflum við alla sem að kennslu og uppeldi barnanna koma til að örva málþroska þeirra og bernskulæsi og renna þannig styrkum stoðum undir formlegt lestrarnám í grunnskóla.

Við gerð læsisstefnunnar var sérstök áhersla lögð á að gera hana þannig úr garði að allir sem koma að málörvun og umönnun leikskólabarnanna öðlist grundvallarþekkingu á starfsaðferðum sem örva málþroska og bernskulæsi leikskólabarnanna. Læsisstefnuna skal endurskoða eigi síðar en á starfsárinu 2030-2031. Ef ný þekking á máltöku og bernskulæsi barna kemur fram þurfa leikskóladeildirnar að bregðast fyrr við og endurskoða áherslur sínar. Markmið læsisstefnunnar fyrir kennara er m.a. að auka þekkingu þeirra á læsi ásamt því að sjá til þess að nýtt starfsfólk sé upplýst um hvernig stuðningur við málþroska og bernskulæsi fer fram í skólanum. Markmið læsisstefnunnar fyrir foreldra er m.a. að veita þeim yfirsýn yfir lestrarnámið og að skýra hlutverk foreldra og kennara. Einnig er markmiðið að auka þekkingu foreldra á bernskulæsi. Markmið læsisstefnunnar fyrir nemendur er m.a. að stuðla að samfelli á milli aldursstiga ásamt því að veita nemendum jafna læsiskennslu.

Drög að læsisstefnunni voru unnin af læsisstefnunefnd leikskóladeildanna starfsárið 2024-2025. Í nefndinni voru Ásta Margrét Rögnvaldsdóttir, Karen Ósk Kristjánsdóttir, Krístrún Kristjánsdóttir og Nanna Marteinsdóttir. Stefnan var kynnt fyrir starfsfólki í september 2025. Læsisstefnunefnd uppfærði svo stefnuna eftir umræður og ábendingar starfsmannahópsins.

Læsisstefnan skal vera lifandi skjal, kynnt öllu starfsfólki í upphafi hvers starfsárs og rædd reglulega. Veggspjald verður prentað út og hengt upp í forstofu leikskóladeildanna og starfsmannarýmum.

Í skólastefnu Þingeyjarsveitar eru sett markmið um að skólar sveitarinnar skuli vinna með læsi í víðum skilningi, svo sem textalæsi, miðlalæsi, upplýsingalæsi, stærðfræðilæsi og myndlæsi. Í Aðalnámskrá leik- og grunnskóla er læsi skilgreint á eftirfarandi hátt: *Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á* (Aðalnámskrá leikskóla; Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011, bls. 19). Í Aðalnámskrá leikskóla er jafnframt fjallað um læsi í leikskóla sem felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.

Lykilhugtök

Málþroski er hugtak sem nær yfir ferli sem hefst í móðurkviði. Það er þegar börn læra að þekkja hljóð sem orð og merkingu þeirra, beygingu orða og hvernig á að bera þau fram. Börn læra að tengja orð saman á mismunandi hátt fyrir mismunandi merkingu og tengja saman setningar í merkingarbæra einingu, þ.e. heildstæða frásögn.

Orðaforði merkir þau orð sem nemandi hefur á valdi sínu. Virkur orðaforði eru þau orð sem nemandinn notar í daglegu tali og óvirkur orðaforði eru þau orð sem hann þekkir og skilur. Orðaforði einstaklings er grundvallaratriði til að skilja talað og síðar skrifað mál. Ríkur orðaforði er grunnur þess að nemandi lesi æ flóknari texta og bæti þannig við orð sem hann þekkir og skilur. Síðaxandi **málskilningur** og orðaforði gerir barni kleift að hugsa um, tjá sig og skilja æ flóknari fyrirbrigði og víkka þannig sjóndeildarhringinn. Þannig er góður málskilningur grundvöllur lesskilnings og náms. **Máltjáning** er færni til að setja orð á hugsanir sínar og bera þær fram á merkingarbæran hátt fyrir aðra að skilja. Máltjáning byggir á orðaforða, málfræði og framburði.

Hlustun felur í sér færni í að hlusta og túlka umhverfishljóð og talmál. Getan til að hlusta byggir m.a. á áhuga, athygli, einbeitingu og sjálfstjórn en einnig á umhverfispáttum eins og hljóðvist og næði.

Hljóðkerfisvitund er næmi einstaklings fyrir hljóðum sem heyrast í töluðu máli og skilningur á því hvernig hægt er að skipta orðum í minni einingar, taka þau sundur, tengja saman, samstöfum (atkvæðum), tilfinning fyrir því hvernig hljóð og hljóðbreytingar byggja upp tungumál. Góð hljóðkerfisvitund er forsenda þess að barn geti skilið tengsl á milli bókstafa og hljóða og geti lesið úr bókstafatáknum.

Bernskulæsi: Bernskulæsi er skilgreint sem ákveðin færni, þekking og viðhorf og þróast sem undanfari hefðbundins læsis. Það vísar til lestrarhegðunar barns á leikskólaaldri áður en formleg lestrarkennsla hefst í grunnskóla. Hugmyndin felst í því að ung börn byggja upp þekkingu í gegnum uppgötvanir um ritmálið í umhverfi sínu og ekki síst í gegnum bóklestur og málhvetjandi samskipti við fullorðna og önnur börn.

Starfspróun kennara og starfsfólks leikskólans

Lærdómssamfélag er hugtak sem lýsir hópi fólks með sameiginleg markmið um að læra, þroskast og bæta við þekkingu sína í gegnum samvinnu og gagnkvæman stuðning. Í lærdómssamfélagi er áhersla lögð á að allir meðlimir séu virkir þátttakendur í lærdómsferlinu. Halda þarf áfram við að byggja upp þá skólamenningu í leikskóladeildum Þingeyjarskóla að börnin, starfsfólk, kennarar og foreldrar myndi lærdómssamfélag sem hefur það sameiginlega markmið að skapa sterka lestrarmenningu í leikskóla og heima og vinna að markmiðum þessarar læsisstefnu. Ígrundun á starfsmannafundum og í foreldraviðtölum er mikilvæg sem reglubundin endurskoðun á árangri og aðferðum stefnunnar. Gagnrýnin hugsun, þekkingarmiðlun, virk þátttaka allra og sameiginleg ábyrgð starfsfólks og foreldra á umgjörð um málþroska og bernskulæsi leikskólabarnanna eru einnig grundvallaratriði þessarar læsisstefnu.

Á hverju starfsári skal hluti af skipulagsdögum helgast endurmenntun kennara og starfsfólks um markvissa málörvun og bernskulæsi. Leikskólastjóri ber ábyrgð á því að skipuleggja stutt námskeið eða bjóða upp á upptökur af fræðsluerindum frá menntavísindasviðum HÍ og HA,

t.d. í tengslum við *Dag leikskólans* 6. febrúar ár hvert. Jafnframt er stefnt að því að innleiða og festa í sessi notkun *tákna með tali*.

Ábyrgð og hlutverk

Leikskólakennarar gegna lykilhlutverki sem fyrirmyndir og faglegir leiðtogar í starfi á deildum, líkt og kveðið er á um í Aðalnámskrá leikskóla. Leikskólakennari á að vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Starfsfólki leikskólans ber að kynna sér læsisstefnuna og vinna eftir þeim aðferðum sem hér er lýst. Leikskólastjóri þarf að huga vel að símenntun og fræðslu t.d. með stuttum fjar- eða staðnámskeiðum um bernskulæsi og málörvun. Á starfsdegi í byrjun hvers starfsárs verður farið yfir læsisstefnuna með starfsfólki og hún endurmetin og endurunnin eftir þörfum. Ekki síðar en starfsárið 2030-2031.

Fræðsluyfirvöld gefa skólum sveitarfélagsins tækifæri til námskeiða á starfsdögum skólanna og leggja áherslu að ráða einstaklinga með kennaramenntun. Einnig gefa fræðsluyfirvöld skólanum svigrúm til að eiga vandaðar barna- og fræðibækur og starfsfólk leikskóladeildanna hefur góðan aðgang að bókasöfnum sveitarfélagsins.

Hlutverk foreldra og fjölskyldu í máltöku og lestrarnámi barna er mjög mikið. Lestur fyrir börn er einn mikilvægasti þátturinn í málþroska, lestrarnámi og námsárangri þeirra. Þegar foreldrar lesa fyrir ung börn eru þeir ekki einungis að skemmta þeim, heldur er verið að leggja grunninn að velgengni þeirra í námi og lífinu sjálfu. Lestur skapar nánd milli foreldris og barns og ýtir undir félagslegan og tilfinningalegan þroska. Með lestrinum læra börn að setja sig í spor annara og öðlast skilning á tilfinningum og samskiptum.

Að lesa á hverju kvöldi skapar rútínu sem skiptir miklu máli fyrir barnið. Með vali á góðum barnabókum sem hæfa aldri og áhuga barnsins getur fjölskyldan stuðlað að áhuga á lestri og námi og aðstoðað barnið við að styrkja einbeitingu og athygli. Það er líka mikilvægt að hafa bækur sýnilegar á heimilinu, vera góð lestarfyrirmynd fyrir barnið, ræða efni bóka við barnið og tengja við líf barnsins og fjölskyldunnar. Foreldrar ættu að hefja lestur strax á fyrsta ári barnsins og halda áfram fram á unglingsár, þó form og efnistök breytist með aldri. Rannsóknir sýna að börn sem reglulega er lesið fyrir standa sig betur í námi, hafa betri málþroska og eiga auðveldara með að tjá sig en þau börn sem ekki er lesið fyrir.

Markmið aðalnámskrár

Samkvæmt aðalnámskrá felur læsi í leikskóla í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Hæfileiki barna til samskipta eflist í leik ásamt því að málþroski þeirra eykst. Þau tjá hugmyndir sínar, reynslu, tilfinningar og beita tungumáli á fjölbreyttan hátt. Barn er oftast bæði fyrirmynd og þátttakandi í leik því það lærir með því að herma eftir því sem aðrir segja og gera. Vekja þarf áhuga barna á ritmáli, bókum og margvíslegum miðlum. Mikilvægt er að börn hafi frjálsan aðgang að efnivið til sköpunar í leik svo sem til að skrifa, teikna og hanna leikmuni.

Í leikskólanum fá börnin tækifæri til að átta sig á og öðlast skilning á að mál og tákn hafi merkingu. Mikilvægt er að hvetja þau til tjáningar, en hún getur verið með ýmsu móti. Auk tungumálsins nota

þau t.d. líkamstjáningu, ýmis konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans.

Yngstu börnin þurfa að fá tækifæri til að hlusta á eigin rödd, mynda allskonar hljóð og hljóðasambönd, endurtaka og herma eftir. Mikilvægt er að setja orð á og lýsa athöfnum í samræðum við yngstu börnin ásamt því að lýsa athöfnum, leika með orð og byggja upp leikorðaforða þeirra. Kennari þarf að vera börnum góð málmynd.

Í leikskóla þarf að skapa aðstæður svo börn fái m.a. tækifæri til að kynnast tungumálinu og eiginleikum þess, njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri, þróa læsi í víðum skilningi og öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu (Aðalnámskrá leikskóla).

Skimanir og próf

Leikskóladeildir Þingeyjarskóla nýta aðallega 4 skimunar- og matstæki til að meta málþroska leikskólabarnanna. Það eru:

- TRAS (Tíðlig Registrering Af Sprogudvikling)
- Hljóm-2
- Smábarnalistinn
- Íslenski þroskalistinn.

Smábarnalistinn og *Íslenski þroskalistinn* eru stöðluð matstæki fyrir leikskólakennara og barnasálfræðinga. Ef leikskólakennarar og starfsfólk hafa áhyggjur af stöðu barns eru foreldrar beðnir um að fylla út spurningalista miðað við aldur barnsins. Leikskólakennari reiknar út niðurstöður, kynnir foreldrum og skipuleggur einstaklingsbundna málörvun innan leikskólans, veitir foreldrum ráðleggingar og fær upplýsingar frá þeim um stöðu barnsins innan veggja heimilis. Ef ástæða þykir óskar leikskólakennari eftir leyfi foreldra til að fá mat barnasálfræðings og/eða talmeinafræðings til að kortleggja betur stöðu barnsins.

Smábarnalistinn er fyrir börn 15-38 mánaða og er ætlað að meta mál- og hreyfiþroska þeirra. Í listanum eru 144 staðhæfingar er varða mál- og hreyfiþroska barna og skiptist hann í tvo prófpætti, það er annars vegar hreyfiþátt og hinsvegar málþátt. Undir þessum prófpáttum eru samtals fimm undirpróf eftir matsþáttum, þ.e. grófhreyfingar, fínhreyfingar, sjálfsbjörg, sem eru hluti af hreyfiþættinum og hlustun og tal, sem eru hluti af málþættinum. Samanlögð tala úr öllum fimm undirprófunum gefur þroskatölu barnsins (Þroskalistinn, 2025). *Íslenski þroskalistinn* er fyrir þriggja til sex ára börn og er byggður upp á svipaðan hátt og smábarnalistinn, en auk máls- og hreyfiþroska er honum ætlað að mæla vitsmunaproska barns (throski.is).

TRAS (Tíðlig Registrering Af Sprogudvikling) er málþroskaskimunartæki sem er ætlað að fylgjast með og meta málþroska barna á aldrinum tveggja til fimm ára. Þetta er mikilvægt matstæki sem leikskólakennarar nota til að fylgjast með máltöku og málþroska ungra barna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. Frá tveggja ára aldri fylla leikskólakennarar inn í málþroskaskema hvers barns tvisvar sinnum á ári. Þannig er hægt að greina snemma þau börn sem þurfa sérstakan stuðning í málþroska og fyrirbyggja lestrarerfiðleika. Þetta skimunartæki nýtist líka til að skipuleggja starfið á leikskóladeildunum með tilliti til markvissrar málörvunar, s.s. viðfangsefni í samverustundum.

TRAS skimunin skiptist í átta svið: Samleikur/félagsfærni, tjáskipti/samskipti, athygli/einbeiting, málskilningur, málvitund, framburður, orðaforði og setningamyndun. Þannig gefur skimunin leikskólakennurum heildstæðan skilning á stöðu hvers barns. Niðurstöður eru kynntar foreldrum í foreldraviðtölum haust- og vorannar. Ef niðurstöður gefa til kynna að aukin málörvun innan leikskólans nægi ekki til að styðja við barn leita leikskólakennarar leyfis hjá foreldrum/forráðamönnum til að óska eftir mati talmeinafræðings á vanda barnsins. Talmeinafræðingur metur þá hvort barn þurfi að sækja talþjálfun til talmeinafræðings.

HLJÓM-2 er aldursbundin skimun til að athuga hljóð- og málvitund elsta árgangs leikskólabarna. Aðaltilgangur þess er að finna sem fyrst þau börn sem eru með slaka hljóðkerfisvitund svo hægt sé að grípa inn í með snemmtækri íhlutun og draga þannig úr áhættu á lestrarerfiðleikum síðar meir. Þeir þættir sem metnir eru í HLJÓM-2 eru rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreining, margræð orð, orðhlutaeyðing og hljóðtenging. Rannsóknir hafa sýnt sterka samsvörun milli þessara þátta hljóðvitundar og hvernig barni gengur í lestrarnámi grunnskólans. Hljóm-2 er lagt fyrir öll börn í elsta árgangi leikskólans á haustönn svo hægt sé að bregðast við áður en formleg lestrarkennsla barnanna hefst í 1. bekk grunnskóla.

Íhlutun og skil milli skólastiga

Leikskóladeildir Þingeyjarskóla eru hluti af samreknum grunn- og leikskóla og stoðteymi Þingeyjarskóla kemur að allri sérkennslu innan stofnunarinnar. Þannig er tryggt að vitneskja um hvaða leiðir og stuðningur hentar nemanda fylgi honum milli skólastiga. Samstarf milli yngsta stigs grunnskólans og leikskólans er mikið og elsti árgangur leikskólans fer a.m.k. vikulega í heimsóknir upp í grunnskóla á vorönn. Þar kynnast og sinna grunnskólakennarar nemendum leikskólans, sem einnig stuðlar að samfelli í kennslu og stuðningi milli skólastiga.

Leikskólakennari leggur Hljóm-2 fyrir elsta árgang á haustönn, fer yfir niðurstöður með foreldrum og skipuleggur vikulega, auka áherslu á málörvun og eflingu hljóðkerfisvitundar þegar barn þarf á því að halda. Kennarar skulu styðjast við *Ljáðu mér eyra: undirbúningur fyrir lestur, Markviss málörvun* og fleira vandað efni við undirbúning.

Snemmtæk íhlutun hefur alltaf sama meginmarkmið. Það er að bregðast sem fyrst við frávikum í þroska og styðja barn til að bil milli þess og jafnaldra minnki í stað þess að aukast. Einnig að veita fjölskyldum þessara barna þann stuðning sem þau þurfa á að halda. Málþroski er undirstaða læsis og læsi er einn af grunnþáttum menntunar, þess vegna er mikilvægt að beita snemmtækri íhlutun þegar börn þurfa á stuðning að halda varðandi málþroska. Samstarf foreldra og fagfólks þarf að vera sem allra best og samstarfið þarf að vera virkt. Í leikskóladeildum Þingeyjarskóla er mikið lagt upp úr snemmtækri íhlutun þar sem fylgst er með málþroska barna frá upphafi leikskólagöngu og reynt að grípa inn í ef grunur um einhver frávik eru til staðar. Almenn málörvun leikskólabarna skal vera grundvallaratriði í starfinu á Leikskóladeildum Þingeyjarskóla. Leikskólakennarar skulu undirbúa málörvunarleiki og viðfangsefni fyrir börnin sem henta aldri þeirra og þroska. Styðjast skal við gagnreyndar bækur sérfræðinga um málörvun. Í framhaldi af TRAS skimunum er hægt að styðjast við bækurnar *Litla sól: spjallað og leikið við yngstu börnin 0-3 ára* og *Sól: spjallað og leikið*. Þar er hægt að finna þroskandi viðfangsefni fyrir börnin í sömu flokkum og TRAS-ið greinist í.

Nemendur með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT)

Áherslur varðandi læsi fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál eru ekki frábrugðnar þeim áherslum varðandi læsi sem settar eru fram fyrir börn með íslensku að móðurmáli. Mikilvægt er þó að huga að því að þau tileinki sér orðaforða íslenskunnar með skipulögðum hætti. Rík áhersla er á gott samstarf á milli heimilis og skóla þar sem áhersla er lögð á vinnu með orðaforða, stafabekkingu og hljóðvitund. Til viðbótar við almennt kennsluefni í málörvun skal nýta kennsluefnið *Orðaleikur: Orðanám í leikskóla* fyrir tvítyngd börn frá Miðstöð skólaþróunar við HA (<https://ordaleikur.msha.is/is>).

Foreldrar eru hvattir til að leggja rækt við móðurmálið ásamt því að styrkja þekkingu barnsins á því þar sem góð þekking á móðurmáli hjálpar barninu við að læra nýja tungumálið. Í áætlun leikskóladeilda Þingeyjarskóla um móttöku barns af erlendum uppruna (<https://www.thingeyjarskoli.is/static/files/Barnaborg/mottaka-barns-af-erlendum-uppruna-google-docs.pdf>) er fjallað um skólaumhverfi, kennsluefni og málörvun tvítyngdra barna og mjög mikilvægt að sú áætlun sé virk í starfinu.

Lestrarmenning

Lestrarmenning leikskóla vísar til þess hvernig lestur og læsi er fléttað inn í daglegt starf leikskólans á markvissan og náttúrulegan hátt. Með því að byggja upp sterka lestrarmenningu í leikskólanum er lagður grunnur að síðara lestrarnámi barna. Með markvissri vinnu að lestrarmenningu skapast jákvætt viðhorf til bóka og lesturs sem fylgir börnunum upp alla skólagönguna.

Sterk lestrarmenning felur í sér að skapa umhverfi þar sem börn upplifa gleði og áhuga á bókum, sögum og ritmáli frá unga aldri. Í leikskóladeildum Þingeyjarskóla skal vera aðlaðandi bókaumhverfi þar sem bækur eru aðgengilegar börnunum. Bókakostur skal endurspegla fjölbreytileika mannlífsins og höfða til bæði yngri og eldri barna leikskóladeildanna. Við skipuleggjum notaleg svæði og gefum tíma til að skoða, lesa og ræða bækur. Lestrarstundir eru daglega og fastir tímar fyrir sögustundir og frásagnir barnanna. Ritmál er sýnilegt á veggjum leikskóladeildanna og börnin sjá kennara nota ritmál t.d. með því að skrifa á töflur. Á veggjum hanga veggspjöld með bókstöfum og nöfn barnanna eru notuð í merkingar með myndum af börnunum á t.d. skúffum svo börnin geti lært að þekkja rithátt nafnsins síns.

Í Krílabæ er mikill og fjölbreyttur bókakostur og innanhúss aðgengi að bókasafni Reykdæla að auki. Í Barnaborg er mikið samstarf við skólabókasafn Þingeyjarskóla og umsjónarkennara þess sem kemur reglulega niður með nýjan stafla af bókum. Eldri börnin fara upp á bókasafn og velja bækur og 1. bekkur aðstoðar bókasafnskennara að velja bækur fyrir leikskólann og þannig skapast mikill lestrar- og bókaáhugi. Kennarar og starfsfólk leggja fram bækur í takt við árstíðir, þemaverkefni, jól og farfugla svo eitthvað sé nefnt. Stefnt er að því að halda áfram að styðja við og byggja upp þetta læsishvetjandi umhverfi.

Lestur og orðaforði

Upplestur þarf að vera blæbrigðaríkur og skemmtilegur og snjalltæki og skjalamyndavélar skulu nýtt til varpa blaðsíðum bóka upp á stærri skjái deildanna til allir sjái myndskreytingar og letur þegar kennari les. Leikskólakennarar skulu skrá niður og fylgjast með áhuga barnanna á bókum og tryggja að lesið sé að lágmarki einu sinni á dag fyrir hvert barn í leikskólanum.

Um leið og stefna þessi leggur áherslu á áhuga barnanna á bókum skal ekki síður vinna markvisst og ákveðið að því að byggja upp orðaforða barnanna og efla málskilning þeirra. Mikilvægt er að velja bækur sem hæfa þroska og skilningi hvers barns fyrir sig. Til að byrja með eru skoðaðar og lesnar bækur fyrir börnin með skýrum, einföldum myndum og stuttum hnitmiðuðum texta til að byggja upp orðaforða. Orðin eru endurtekin, rætt við börnin út frá myndunum og notuð tákn með tali til að örva fleiri skilningarvit þeirra. Börnin eru hvött til þess að herma eftir orðum og hljóðum samhliða lestrinum og atkvæði klöppuð þegar við á.

Eftir því sem börnin þroskast skal lesa flóknari bækur fyrir þau. Blæbrigðaríkan bókmenntatexta þarf einnig að lesa því hann felur oft í sér meiri orðaforða en einfaldar bækur og talmál. Þá skal staldra við orð og útskýra merkingu þeirra og vinna með á annan hátt. Stundirnar við matarborðið eru vel til þess fallnar að auka orðaforða og málskilning, þar sem þau fá tækifæri til að nýta mörg mismunandi skilningarvit til að efla skilning sinn.

Lubbi finnur málbein

Leikskóladeildir Þingeyjarskóla munu nota kennsluefnið *Lubbi finnur málbein* til að byggja upp sterka hljóðkerfisvitund nemenda. Kennsluefnið styður einnig við börnin þegar þau eru að læra að bera fram ný málhljóð, eykur orðaforða og áhuga barnanna á íslenska tungumálinu sem fjárhundinn Lubba langar svo að læra. Í bókinni *Lubbi finnur málbein* er lagt upp með tileinkun málhljóða. Hvert málhljóð er kynnt til sögunnar með hljóðstöðumynd, táknrænni hreyfingu, vísu eftir Þórarín Eldjárn, örsögu með ríkulegum orðaforða ásamt tengingu við stóran og lítinn bókstaf (Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2014, bls. 13). Hvert hljóð á sér ákveðið tákn eða táknræna hreyfingu sem undirstrikar sérstöðu hljóðsins (Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2014, bls. 27). Lubbaefnið gefur færi á fjölbreyttum og skapandi tækifærum til snemmtækra íhlutunar, allt frá fyrsta aldursári (Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2014, bls. 32).

Í vinnu með eldri árgöngum leikskólans tekið er fyrir eitt málhljóð á viku. Stafirnir eru skoðaðir ásamt því að lesa söguna úr bókinni og hlusta á lagið sem fylgir málhljóðinu. Krakkarnir eru fengnir til að finna orð sem byrja á málhljóðinu ásamt því að skoða myndir af atriðum sem byrja á því. Í lok hverrar viku fer síðan barn með Lubbabangsa og stílabók með sér heim yfir helgina. Á mánudeginum kemur barnið aftur með Lubba og haldin er Lubbastund þar sem kennari les fyrir krakkana það sem foreldri hefur skrifað í bókina ásamt því að barnið sem var með Lubba fær tækifæri til að segja frá því hvað það gerði með Lubba um liðna helgi. Elstu börnin fá annað slagið verkefnablöð tengd málhljóði vikunnar þar sem þau eiga að æfa sig að skrifa stóran og lítinn bókstaf ásamt því að draga hring utan um hluti sem byrja á málhljóðinu.

Stefnt er að góðri samvinnu milli Barnaborgar og Krílabæjar til að auðvelda kennurum og starfsfólki deildanna til að kynnast námsefninu og tileinka sér notkun þess. Jafnframt eru kennarar hvattir til að tengja saman eigin þekkingu, reynslu og áhuga til að nýta sér Lubbaefnið á skapandi

hátt. Með yngri börnunum er unnið með Lubbaefnið á einfaldari hátt og lögð áhersla á að læra málhljóðin og bera þau smátt og smátt skýrt fram í orðum

Tákn með tali

Tákn með tali er annað grundvallverkfæri til að styrkja málþroska barnanna, auðvelda þeim að læra ný orð og byrja að tjá sig. Notkun tákna með tali byggist á því að nota tákn með látbragði og svipbrigðum sem undirstrika merkingu þess orðs sem táknað er og gera það sýnilegt og áþreifanlegt. Táknin eru sýnd á sama tíma og talað mál og styðja þannig við það. Táknin eru oftast mjög myndræn og lýsandi og því auðvelt að skilja þau (Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal, 2005, bls. 6-7). Ekki eru öll orð táknuð í samskiptunum heldur aðeins þau orð sem lögð er megin áhersla á, svo kölluð lykilorð, en það eru orðin sem skipta mestu máli í tengslum við skilning á setningunni. Táknin eru einnig mikilvæg því þau vara lengur en orðin og gefa barninu lengri úrvinnslutíma til að skilja það sem sagt er við það. Fyrir flest ung börn er tákn með tali eðlilegt framhald af þeirri tjáningarleið sem þau búa yfir og nýtist þeim löngu áður en þau ná þroska til að tala með orðum (Sigrún Grendal, 2024). Að nota tákn með tali gerir það oft að verkum að talað er hægar og skýrar, lagt áherslu á lykilorðin og myndað augnsamband sem hvetur til tjáskipta. Einnig eru táknin sýnd í takt við atkvæði orðsins sem verða þannig sýnileg. Það getur reynst börnum auðveldara að útfæra tákn með höndunum, en að segja orðið sjálft og getur því orðið árangursríkari leið til tjáskipta sem og að hvetja þau til að halda áfram að reyna (Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal, 2005, bls. 6-7). Hægt er að byrja að nota tákn með tali með börnum allt frá fæðingu eða á fyrstu aldursmánuðum þess sem þátt í markvissri málörvun þeirra. Það er misjafnt hversu lengi börn eru að ná tökum á táknum og því skiptir máli að gefa góðan tíma, endurtaka og halda áfram að nota táknin markvisst sem eðlilegan hluta af daglegu málumhverfi barnsins. Börn læra táknin eingöngu í gegnum samskipti og nota þau ekki nema þau sjái aðra gera það (Sigrún Grendal, 2024).

Að lokum

Læsisstefna leikskóladeilda Þingeyjarskóla byggir á kennsluaðferðum leikskólastigsins. Tengslin sem myndast þegar kennari situr með börnum og les fyrir þau áhugaverða bók eru grundvallaratriði fyrir vellíðan barna í leikskólanum. Um leið eru lestrarstundir í samverustundum, lestur í óformlegum aðstæðum og samræður við sérhvert barn á hverjum degi grundvallaratriði í starfinu. Með því að lifa okkur inn í skemmtilegar, vel skrifaðar barnabækur á hverjum degi, ræða um myndir, leggja inn ný orð, ræða merkingu þeirra, leika okkur með tungumálið, rímið, stafina og að skrifa, kalla fram tjáningu með *táknum með tali*, nota *Lubba* til að auka skilning á tengingu hljóða og bókstafa, lesa og ræða um lífið og tilveruna vinnum við að markmiðum þessarar læsisstefnu.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla. (2011). <https://adalnamskra.is/adalnamskra-leikskola>

Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal. (2005). *Tákn með tali orðabók 2*.

https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/takn_med_tali/

Eyrún Ísfold Gísladóttir. (2001). Tákn með tali í víðari samhengi: Traustur grunnur – fleiri hugmyndir. *Talfræðingurinn*, 15(1), 54-60.

Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir. (2014). *Hljóðasmiðja Lubba - handbók*. Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir.

Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir. (2009). *Lubbi finnur málbein. Íslensku máhljóðin sýnd og sungin*. Mál og menning / Forlagið ehf. Reykjavík.

Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn. (2025). <https://throski.is/>

Halldóra Haraldsdóttir. (e.d.) *Bernskulæsi*. <https://lesvefurinn.hi.is/node/135>

Sigrún Grendal Magnúsdóttir. (2024). *Tákn með tali*. Ráðgjafar og greiningarstöð.

<https://www.rgr.is/is/fraedsla-og-namskeid/hagnytt-efni/ohefðbundnar-tjaskiptaleidir/takn-med-tali>